

Ed.

333. Nefndarállt

um frv. til laga um bryggjagerð i Borgarnesi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Eins og kunnugt er, er Borgarnes allmikill verzlunarstaður og hefir mikla þýðing fyrir samgöngurnar milli Norðurlands og Vesturlands og Reykjavíkur, auk þess sem verulega bættar samgöngur mundu styðja að því, að afurðasala til Reykjavíkur ykist að mun. Kirk heitinn verkfræðingur hefir athugað hafnarbót þá, sem hjer er að ræða um, en endanleg rannsókn á málinu hefir ekki farið fram, en í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir þeirri rannsókn áður en ráðist er í verkið. Framlag úr ríkissjóði má ekki fara fram úr 150000 kr. Þar sem þannig eru sett ákveðin takmörk fyrir ríkissjóðstillaginu, þykir nefndinni mega samþykkja frv., þó undirbúningnum sje ekki lokið.

Ef hafnarbót þessi verður gerð, mundi hæfilega stórt skip til flutninga milli Borgarness og Reykjavíkur geta legið við hafskipabryggju í hálföllnum sjó, en nú eru hinar mestu hömlur á fermingu og affermingu skipa í Borgarnesi, og verður að flytja alt á bátum i land og úr landi í Suðurland, sem nú fer milli Borgarness og Reykjavíkur. Þessar tafir valda því oft, að skipið verður tept i Borgarnesi, þar sem sæta verður oft lagi að komast út Borgarfjörðinn vegna brims.

Hjer er því um verulega samgöngubót að ræða, er ekki að eins hefir margvíslega þýðing fyrir hin blómlegu Borgarfjarðarhjeruð, heldur og fyrir mikinn

hluta landsins. Nefndin mælir því eindregið með, að frv. verði samþykkt, og leggur áherslu á, að hafnarbót þessari verði hraðað eins mikið og unt er.

Alþingi, 13. apríl 1926.

Björn Kristjánsson, form.	Sig. Eggerz, frsm.	Ágúst Helgason, fundaskrifari.
------------------------------	-----------------------	-----------------------------------

Einar Árnason.	Jóhann P. Jósefsson.
----------------	----------------------